

# MUNNTÓBAK Á MEÐGÖNGU

Ekki er þekkt hversu margar konur á Íslandi neyta munntóbaks á meðgöngu. Á Norðurlöndum hafa reykingar farið minnkandi en notkun munntóbaks aukist.

Rétt er að kanna í fyrsta viðtali hvort kona neyti munntóbaks og upplýsa hana um mögulegar afleiðingar af notkun þess og leiðir til að hætta tóbaksnotkun.

## ALMENNT:

Áhrif tóbaksnotkunar/nikótínnotkunar á meðgöngu eru vel þekkt. Tóbaksnotkun eykur hættu á m.a. vaxtarseinkun, fyrirburafæðingu, fylgjulosi og fósturdauða.

Ekki er fullljóst hvaða efni eru mestir skaðvaldar, en í reyk eru t.d. nikótín og kolmonoxid. Í munntóbaki eru ekki öll sömu efni og í reyk, en nikótín magn í blóði verður almennt hærra en við reykingar. Nikótín fer auðveldlega yfir til fósturs og er um 15% hærra styrkleiki nikótíns í fósturblóði en móðurblóði.

Hjá konum hefur verið sýnt fram á breytt blóðflæði bæði í slagæð til legs og naflastrengsslagæð við nikótínnotkun.

## RÁÐLEGGINGAR:

Í mæðraverndinni er hægt að fá stuðning til að hætta tóbaksnotkun hjá ljósmóður eða heimilislækni.

Ráðgjöf í tóbaksbindindi í grænu númeri: 8006030 eða [www.8006030.is](http://www.8006030.is)

Sjá vefsíðu:

[Tóbak og meðganga | Heilsuvera](#)

MÆÐRAVERND PÍH, ENDURSKOÐAÐ SEPTEMBER 2021.